

LISTIR

Vélarn- ar taka völdin

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

INNSETNING

Einar Mór Guðvarðarson og gestur hans: Bjarne Lönnroos. Sýningunni er lokið.

LÍFRÆNA – vélræna, sýning Einars Mós Guðvarðarsonar, fjallar um lífið og tilveruna, hvernig maðurinn mótir landið og lífið mótir manninn, hvernig er að lifa í heimi sem er bæði lífrænn og vélrænn, og tímann og umbreytingu allra hluta í tímans rás. Þetta eru miklar þælingar og sýningin virðist vera kafli á leið listamannsins til víðari skilnings á lífinu.

Verkin á sýningunni eru fjögur og mynda eina heildstæða innsetningu. Við innganginn er sýnt myndbandsverk þar sem tunglið sést koma upp, frá vinstri til hægri. Í forgrunni er stór skipakrani. Hinum megin við vegginn er granítverk á gólfi með skautlaga gat sorfið ofan í og tvö fótspor, en verkið heitir Tákmynd sammannlegrar athafnar. Ráði nú hver fyrir sig en ég skildi þetta sem tákmynd frjósemi og sköpunar. Á veggnum fyrir ofan granítverkið hangir klukka sem undirstrikar þema sýningarinnar sem tengist því hvernig allt er undirorpið tímanum sem enginn fær stöðvað.

Við annan vegg er verk gestsins á sýningunni, Bjarne Lönnroos, en það er búið til úr ljósu graníti. Á enda-vegg er titilverkið; Lífræna/vélræna. Myndbandsupptöku af sjó er varpað á vegg en á leiðinni þangað skellur myndin á þremur granítverkum sem minna á brotna vél-arhluta. Í sýningarskrá veltir Einar því fyrir sér hvort myndvarpið geti umbreytt steinunum líkt og hafði umbreytir landinu, sem er áhuga-verð spurning.

Allitarlegur texti í sýningarskrá með ljóðrænum vangaveltum Einars leikur ekki minna hlutverk en verkin sjálf í að koma koma hugsun hans á framfæri. Má þar sjá margar



Lífræna – vélræna eftir Einar Mór Guðvarðarson.

fallegar vangaveltur, þó að ekki séu settar fram neinar ákveðnar skoðanir eða lausnir. Á einum stað segir t.d. „... í ákveðnum aðstæðum eru þessi þrjú granítform gerð til að bregðast við og hegða sér á lífrænan hátt við viss skilyrði í ákveðnum aðstæðum.“ Er Einar kannski að vísa til þess að formin séu leifar af gömlum vélum sem komist hafa til valda en tapað í stríðinu við manninn? Hérna verður máni á að hugsa til bandarísku bíómyndarinnar Tortímandans þegar mennirnir átta í stríði við vélar auk þess sem myndin Matrix fjallaði um svipaða veröld, stjórnað af vélum.

Til að ná einhverjum heildstæðum skilaboðum út úr sýningunni þarf áhorfandinn að sökkva sér ofan í hana og kemst þá aðeins nær hugarheimi listamannsins og þeim boðskap sem settur er fram. Einar er ekki nógu skýr í því sem hann vill segja og svo virðist sem hann hafi ofunnið sýninguna. Mér finnst t.d. að sýningar eigi að geta staðið án langs ljóðræns útskýringartexta og gestur sýningarinnar finnst mér óþarfur. Verk hans sker sig ekkert frá verkum Einars og gæti allt eins verið eftir Einar sjálfan. Það er eins og Bjarne viti sjálfur heldur ekki almennilega hvað hann er að gera þarna.

Jafnframt finnst mér Einar vera of bundinn efninu. Hvaða máli skiptir það hvers lenskt granítið er sem höggvið er úr þegar um jafn hugmyndafræðilega innsetningu er að ræða og raunin er?

Sýningin er mjög fagmannlega unnin en ákveðnari framsetningu vantar til að annars áhugavert umfjöllunarefni komist betur til skila.

Þóroddur Bjarnason

EINSTÖK BÖRN - stuðningsfélag barna með sjaldgæfa sjúkdóma

Jóla kort til styrktar félaginu Einstökum börnum eru komin út

Myndin er að þessu sinni eftir Gunnar Karlsson myndlistarmann. Kortin eru í stærð 15x21. Umslagin eru sjálflímandi. Kortin eru bæði til prentuð og óprentuð. Fimm korta pakningar kosta 550 kr. Þöntunarsímar 568 2661 og 699 2661, arka@li.is .



www.ondvegl.is



grafíska smíðjan ehf. 12-01

Ebony

leðursófasett

3ja sæta sófi kr: 167.500,- stgr.
2ja sæta sófi kr: 127.500,- stgr.
Stóll kr: 69.800,- stgr.
Borð kr: 69.800,- stgr.


 Raðgreiðslur til allt að 36 mán.


OPIÐ LAUGARDAGA FRÁ KL. 11-16
OPIÐ ALLA SUNNUDAGA TIL JÓLA KL. 13-16



• HÚSGAGNAVERSLUN •

Síðumúla 20, sími 568 8799,
Hafnarstræti 22 Akureyri, sími 461 1115

NÝIR FJÖLSKYLDU- MEÐLIMIR Í BAKSTURINN



Dan Sukker